



Fræðslumiðstöð Vestfjarða

Miðstöð símenntunar á Vestfjörðum

Sími 456 5025. Netfang frmst@frmst.is



Verkefnastjóri á suðursvæði Vestfjarða

(28.6.2016)

Starf verkefnastjóri í suðursvæði felst í að;

- reka starfsstöð.
- markaðssetja starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar.
- kynna starfsemi miðstöðvarinnar fyrir einstaklingum, atvinnulífi og sveitarstjórnnum.
- greina fræðsluþarfir á starfsvæðinu.
- halda utan um nám á starfsvæðinu.
- hafa umsjón með próftöku.
- vinna fræðslugreiningar í fyrirtækjum og stofnunum.
- hvetja fólk á starfsvæðinu til að afla sér aukinnar menntunar.
- hafa samstarf við aðila er tengjast námskeiðahaldi á starfsvæðinu.
- þróa kennslu í fiskeldi á grunni þeirra námsskráa sem Fræðslumiðstöðin hefur unnið.
- vinna önnur þau störf sem honum eru falin eða hann tekur að sér.

Færni- og hæfnikröfur

- Ábyrgðarfærni.
- Skipulagshæfni.
- Samskiptafærni.
- Frumkvæði.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Markaðsfærni.
- Þekking og kunnátta á kennslufræði fullorðinna.
- Tölvu- og tæknifærni.

Almennar kröfur til starfsmanna Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða

Allt starfsfólk Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða skal;

- leggja sig fram um að eiga góð samskipti við samstarfsfólk og viðskiptavinum miðstöðvarinnar og sýna þeim þjónustulund. Það þarf að eiga auðvelt með að starfa með öðrum og finna sig sem hluti af samstæðum hópi starfsfólks Fræðslumiðstöðvarinnar, en jafnframt að hafa frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum. Það á að kappkosta að skapa notalegt umhverfi þar sem allir fá notið sín.
- fylgja gæðakröfum Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða (EQM).
- búa yfir almennri tölvufærni, hafa gott vald á íslensku og nokkra tungumálakunnátta.
- vera sveigjanlegt með vinnutíma og geta sinnt þeim verkefnum sem upp koma.
- fara eftir þeim vinnureglum sem samþykktar hafa verið af stjórn eða starfsfólki miðstöðvarinnar.
- fylgjast með nýjungum og þróun á sínu starfssviði og sækja endurmenntun, samkvæmt stefnu Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða í endurmenntun starfsmanna.
- hvetja fólk til náms og skapa jákvætt viðhorf til hvers kyns menntunar.

Viðmót um framkoma

Hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða á;

- að taka á móti fólki með opnum örmum og það á að finna að það sé velkomið.



Fræðslumiðstöð Vestfjarða

Miðstöð símenntunar á Vestfjörðum

Sími 456 5025. Netfang frmst@frmst.is



- fólki að líða vel, það á að finna sig öruggt, það á að getað verið afslappað og því á að finnast dvölin með Fræðslumiðstöðinni ánægjulegt.
- umhverfið að laða fólk að miðstöðinni, t.d. skal húsnæðið vera eins opið og ólæst og unnt er.

Vinnutími

Almennur vinnutími er á dagvinnutíma í samræmi við starfshlutfall. Vinnutími er þó sveigjanlegur þannig að starfsfólk getur hagrætt honum ef það hentar starfinu eða einstaklingnum. Aukavinnu skal starfsfólk taka út í fríum.

Starfsstöð

Reiknað er með að starfsstöð Fræðslumiðstöðvarinnar á suðursvæðinu verði á Patreksfirði eins og verið hefur, en aðrir staðir kæmu til greina.